

23. október 2018

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Afrit sent:

Íþróttabandalag Reykjavíkur  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík

Varðar: Ósk um húsaleigustyrk - Erindi frá Dansfélaginu Bíldshöfða kt. 430807-0210

Berist til stjórnar ÍTR

Dansfélagið Bíldshöfði var starfandi frá árinu 2007 til lok árs 2016. Þá tókum við ákvörðun að færa iðkendum okkar yfir í Dansfélag Reykjavíkur. Samstarfið gekk að mestu vel en við ákváðum í vor að verða aftur sér. Aðalástæðan er að við teljum það vera hag dansins og auka fjölbreytni í dansflórunni.

Dansfélagið Bíldhöfði var stofnað í júní árið 2007 og fór frá því að vera nýtt og lítið dansfélag í að vera með flesta þátttakendur á mótum DSÍ árið 2016. Markmiðið okkar er að byggja upp góðan kjarna af iðkendum á aldrinum 4-18 ára og leggja áherslu á að allir læri að dansa á sínum forsendum.

Í dag erum við upp á vini og vandamenn í matsölum, kennslustofum og göngum skóla og teljum við það ekki boðlegt fyrir iðkendum okkar, þar á meðal eru pör í landsliði DSÍ og afreksflokki DSÍ sem kallast Ungir og efnilegir. Til dæmis voru pör frá okkur í 1. sæti í flokkum Barna 2 (10-11 ára) og unglíngum 1 (12-13 ára) í efsta getustigi á fyrsta móti vetrarins sem haldið var af UMSK þann 21. Október 2018. Við áttum einnig þar í 3. sæti í flokki Ungmenna (16-18 ára). Í dag eru um 30 iðkendum hjá félaginu og höfum við ekki getað tekið inn nýja iðkendum vegna aðstöðuleysis.

Við undirrituð óskum eftir að þetta erindi verði tekið fyrir sem fyrst vegna aðstöðuleysis. Við höfum reynt að fá bráðabirgðaaðstöðu í samvinnu við ÍBR t.d. í veislusölum og íþróttahúsum en ekki gengið. Ósk okkar er að fá húsnæði til afnota að fullu sbr. húsnæðið sem við vorum í á Bíldshöfða 18. Til þess að hægt sé að reka dansfélag af fullum krafti þá þarf húsnæði sem er 250-300 fermetrar að stærð eða stærra og teljum við okkur geta fundið þannig húsnæði fyrir sambærilegan húsaleigustyrk og Dansfélag Reykjavíkur fær í dag eða um 8 milljónir á ári. Eins og staðan er í dag þá er laust húsnæði á Bíldshöfða 10 sem myndi henta okkur gríðarlega vel vegna nálægðar við Grafarvog og Árbæ. Leiguverðið er hagstætt þar sem það er alveg hrátt í dag en gerum við okkur vonir um að leigusali sé tilbúinn að gera það leiguhæft að mestu. Einnig eru laus húsnæði við Dugguvog og Malarhöfða en þar er leiguverðið pr. fermetur hærra.

Með fyrirfram þökk,

Ragnar Sverrisson formaður

Linda Heiðarsdóttir varaformaður